FORELDRAHANDBÓK

EINHERJI

Ábm: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir

Umbrot: Alice Mutch

EFNISYFIRLIT

02 Inngangur
03 Samfélagsmiðlar
04 Stjórn Einherja
06 Þjálfarar
08 Yngriflokkaráð knattspyrnu
10 Tengiliðir og blakráð
11 Foreldrastarf
12 Góð ráð til foreldra
13 Skráning iðkenda
14 Færsla iðkenda á milli flokka
15 Æfingar
16 Keppni
17 Minnislisti fyrir mót
18 Fyrirkomulag á keppnisstað/keppnisferðum
19 Kostnaður iðkenda í keppnisferðalögum
20 Ferðir á opin mót
21 Félagslegt starf
21 Viðbragðsáætlun

INNGANGUR

Gildi íþróttastarfs fyrir börn

Skipulagt íþróttastarf er holl hreyfing og góð skemmtun. Með íþróttaiðkun læra börn tillitssemi, sjálfsaga og virðingu og njóta samveru við jafnaldra undir leiðsögn fullorðinna.
Rannsóknir sýna að þátttaka barna í skipulögðu íþróttastarfi eykur líkur á betri andlegri og líkamlegri heilsu, börn verða sterkari félagslega og neyta síður áfengis, tóbaks og annarra vímuefna.
Mikilvægt er að öll börn geti tekið þátt á sínum forsendum.

Yngri flokka starf

Hjá Einherja geta börn æft knattspyrnu allt árið og blak yfir veturinn. Að vetri til fara æfingar fram innanhúss, í íþróttahúsi sveitarfélagsins, en á sumrin færast knattspyrnuæfingar út og er þá ýmist æft á sparkvellinum við grunnskólann eða á íþróttasvæði félagsins.
Leitast er við að félagið hafi þjálfara með viðeigandi menntun, eins og þess er kostur.

SAMFÉLAGSMIÐLAR

Vefsíða

Heimasíða ungmennafélagsins: **www.einherji.net**

Ábyrgðarmaður: Bjartur Aðalbjörnsson

Sportabler

Þjálfarar yngri flokka nota Sportabler forritið til að halda utan um mætingu iðkenda og til samskipta við iðkendur og foreldra. Á Sportabler má finna upplýsingar um æfingatíma, tilkynna mætingar og forföll og senda skilaboð á þjálfara. Forritið má sækja frítt bæði í Appstore og Google play og er einfalt í uppsetningu og notkun.

Facebook

Á facebook má finna síðu félagsins ásamt hópum fyrir alla flokka félagsins. Tilgangur hópanna er að auðvelda skipulagningu keppnisferða, fjáraflana og annarra viðburða, auk þess sem þar koma inn tilkynningar frá tengiliðum, yngriflokkaráði, stjórn eða þjálfara sem varða starfið.

Instagram

Einherji er á Instagram. Fylgið félaginu á Instagram, merkið myndirnar ykkar með myllumerkinu #Einherji eða sendið myndir úr leik og starfi yngri flokkanna í skilaboðum til félagsins.

STJÓRN EINHERJA

Í stjórn ungmennafélagsins sitja fimm stjórnarmenn og eru þeir kosnir á aðalfundi félagsins sem haldinn er að hausti ár hvert.

Stjórnarmaður/starfsmaður hefur það hlutverk að:

- Standa vörð um siðareglur og gildi félagsins og sjá um að hvorttveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
- Koma fram við alla sem jafningja og mismuna ekki iðkendum, þjálfurum eða foreldrum á grundvelli kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, þjóðernis, fötlunar, trúarbragða eða skoðana.
- Virða alltaf reglur og venjur og sýna ávallt heiðarleika í framkomu og starfi.
- Hafa lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
- Halda félagsmönnum vel upplýstum.
- Taka alvarlega þá ábyrgð sem hann hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
- Hafa ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk.
- Reka félagið ávallt eftir löglegum og ábyrgum reikningsaðferðum.
- Misnota aldrei stöðu sína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins.
- Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.

Stjórnarmeðlimir 2019-2020 eru:

Víglundur Páll Einarsson.
Formaður, yfirmaður knattspyrnumála
Netfang: viglundur@einherji.net
Sími: 858-1079

Þorgrímur Kjartansson.
Gjaldkeri
Netfang: toggi@brim.is
Sími: 858-1053

Bjarney Guðrún Jónsdóttir.
Ritari, tengiliður við yngriflokkaráð
Netfang: bjarneyjons@gmail.com
Sími: 864-1206

Arnar Ingólfsson.
Meðstjórnandi
Netfang: arnarin@gmail.com
Sími: 848-3573



Jón Ragnar Helgason.
Meðstjórnandi
Netfang: nonnihelga@gmail.com
Sími: 899-1197

Linda Björk Stefánsdóttir.
Varamaður.
Netfang: dyndla@simnet.is
Sími: 892-2382

Sólrún Dögg Baldursdóttir.
Varamaður
Netfang: solrundogg@hotmail.com
Sími: 867-8590

ÞJÁLFARAR

Knattspyrna:

Sigurður Donys Sigurðsson
Netfang: donyssig@simnet.is
Sími: 858-7372

Menntun:
KSÍ I
KSÍ II
KSÍ III
KSÍ IV
UEFA B gráða
Er að ljúka UEFA A gráðu, sumar 2020.
Hefur starfað fyrir félagið frá árinu 2012. Þjálfar alla yngri flokka knattspyrnudeildar.

Blak:

Óvíst er með þjálfara blakdeildar fyrir veturinn 2020-2021. Auglýst verður á síðu félagsins þegar tekin hefur verið ákvörðun um þjálfaramál.

ÞJÁLFARAR

Siðareglur þjálfara:

Þjálfari gegnir mikilvægu hlutverki innan félagsins og þarf að hafa í huga að:

- ✓ Koma fram við alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum.
- ✓ Styrkja jákvæða hegðun og framkomu.
- ✓ Þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda.
- ✓ Vera meðvitaður um hlutverk sitt sem fyrirmynd, innan sem utan vallar.
- ✓ Setja ávallt heilsu, heilbrigði og öryggi iðkenda í fyrsta sæti.
- ✓ Sýna aldrei eða leyfa ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
- ✓ Virða alltaf reglur og venjur og sýna heiðarleika í íþróttum.
- ✓ Viðurkenna og sýna virðingu þeim ákvörðunum sem dómarar taka.
- ✓ Koma eins fram við alla iðkendur og mismuna engum á grundvelli kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða eða skoðana.
- ✓ Tala alltaf gegn notkun ólöglegra lyfja, áfengis, fíkniefna og tóbaks.
- ✓ Forðast samskipti við iðkendur í gegnum síma og netið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.
- ✓ Öll samskipti við iðkanda á samfélagsmiðlum skulu fara fram í hópsamtölum/hópsíðum sem foreldrar hafa aðgang að.
- ✓ Eiga aldrei í samskiptum við iðkanda með kynferðislegum undirtóni eða vísa í eitthvað slíkt.
- ✓ Taka ekki að sér akstur iðkenda, hvorki á æfingar né keppni nema með samþykki foreldra.

YNGRIFLOKKARÁÐ KNATTSPYRNU

Yngriflokkaráð er félag foreldra og forráðamanna iðkenda í Einherja og eru þrír foreldrar sem starfa í því, kosnir til eins árs í senn á aðalfundi félagsins að hausti ár hvert.

Hlutverk yngriflokkaráðs er meðal annars:

- ✓ Að standa vörð um hagsmuni iðkenda hjá félaginu.
- ✓ Að efla tengsl heimila og félagsins.
- ✓ Að efla samskipti milli iðkenda, foreldra, þjálfara og stjórnar.
- ✓ Að stuðla að bættri vellíðan iðkenda í leik og starfi.
- ✓ Að stuðla að bættum árangri í starfi félagsins.
- ✓ Að sjá um að tengiliðir hvers flokks séu kosnir að hausti hvers árs.

Starfslýsing yngriflokkaráðs:

- ✓ Yngriflokkaráð er tengiliður milli iðkenda, foreldra og þjálfara.
- ✓ Talsmaður yngriflokkaráðs er jafnframt tengiliður við aðalstjórn félagsins.
- ✓ Yngriflokkaráð sinnir mikilvægum verkefnum innan félagsins eins og aðstoð við fjáraflanir og sérverkefnum fyrir einstaka flokka.
- ✓ Yngriflokkaráð skal hafa samstarf við tengiliði og þjálfara flokksins vegna leikja og keppnisferða.
- ✓ Yngriflokkaráð skal skipuleggja, ásamt tengiliðum hlutaðeigandi flokka, allar ferðir á Íslandsmót og æfingamót í samvinnu við þjálfara.
- ✓ Yngriflokkaráð sèr um að auglýsa heimaleiki og kaffisölu.
- ✓ Yngriflokkaráð skal virkja sem flesta foreldra til starfa fyrir flokkinn, það er hagur allra.

YNGRIFLOKKARÁÐ

Yngriflokkaráð árið 2019-2020 skipa:

Bjarney Guðrún Jónsdóttir

Netfang: bjarneyjons@gmail.com
Sími: 864-1206



Dorota Joanna Burba

Netfang: burba@simnet.is
Sími: 847-4053

Unnur Ósk Unnsteinsdóttir

Netfang: unnurosk@vopnaskoli.is
Sími: 691-7354



TENGILIÐIR OG BLAKRÁÐ

Knattspyrna:

Einn til tveir tengiliðir eru kosnir úr hópi foreldra að hausti í hvern starfandi flokk. Ef samstarf er á milli flokka þá er einn kosinn úr hvorum flokki, annars tveir fyrir hvern flokk.

Hlutverk tengiliða:

- ✓ Að boða og athuga þátttöku í leikjum og mótum.
- ✓ Að boða til fundar að vori þar sem farið er yfir sumarstarfið.
- ✓ Að skrá á önnur mót en íslandsmót, sem tekin er ákvörðun um á vorfundi foreldra.
- ✓ Að skipuleggja ferðir í samvinnu við þjálfara og yngriflokkaráð og sjá til þess að allir foreldrar séu upplýstir.
- ✓ Að innheimta gjald fyrir iðkendur sem fara í keppnisferðir og annað, og skila til gjaldkera félagsins.
- ✓ Að aðstoða við annað sem snertir flokkinn í samvinnu og samráði við yngriflokkaráð og stjórn félagsins
- ✓ Halda utan um vinnu foreldra og iðkenda við meistaraflokksleiki

Blak:

Kosnir eru þrír fulltrúar úr hópi foreldra í blakráð að hausti.

Hlutverk blakràðs:

- ✓ Að boða og athuga þátttöku í leikjum og mótum.
- ✓ Að boða til fundar að hausti þar sem farið er yfir vetrarstarfið.
- ✓ Að skrá lið á mót vetrarins.
- ✓ Að skipuleggja ferðir í samvinnu við þjálfara og sjá til þess að allir foreldrar séu upplýstir.
- ✓ Að innheimta gjald fyrir iðkendur sem fara í keppnisferðir og annað, og skila til gjaldkera félagsins.
- ✓ Að aðstoða við annað sem snertir yngriflokka í samvinnu og samráði við stjórn félagsins.

FORELDRASTARF

Kröfur foreldra til íþrótta- og tómstundastarfs verða sífellt meiri og því mikilvægt að þeir séu hluti af félaginu og komi að starfinu, t.d. í gegnum yngriflokkaráð, blakráð eða sem tengiliðir. Þannig tryggir félagið að foreldrar, með frumkvæði sínu og hugmyndum, geti eflt íþróttastarfið og haft áhrif.

Foreldrar koma einnig að starfinu með aðstoð við fjáraflanir og vinnu sem félagið skipuleggur. Sem dæmi má nefna með liðsstjórn á mótum, vinnu við leiki meistaraflokks eða á skipulögðum viðburðum félagsins, þátttöku í dósasöfnun eða annars konar fjáröflun.
Fastir liðir í fjáröflun félagsins eru bollusala á Bolludaginn og hátíðarkaffi á 17. júní. Ætlast er til að öll heimili iðkenda komi að þessum viðburðum.

Mikilvægt er að allir foreldrar leggi sitt af mörkum svo að unnt sé að halda úti öflugu starfi yngriflokka.



GÓÐ RÁÐ TIL FORELDRA

Góð ráð til foreldra

Við fullorðna fólkið erum fyrirmyndir, höfum það ætíð í huga. Þáttur foreldra í að gera íþróttaupplifun barna sinna jákvæða og eftirminnilega er mikill. Hér eru nokkrar ábendingar til foreldra til þess að gera það:

Hafið ávallt hugfast:

- ✓ Að virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynþætti eða trúarbrögðum.
- ✓ Að barnið þitt er í íþróttum á eigin forsendum, ekki þínum.
- ✓ Að hafa áhrif og hvetja barnið til þátttöku, íþróttir eiga að vera skemmtilegar.
- ✓ Að hvetja barnið til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og að leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.
- ✓ Að styðja og hvetja öll börn og ungmenni – ekki bara þitt eigið.
- ✓ Að vera jákvæður, bæði þegar vel gengur og þegar illa gengur.
- ✓ Að gera aldrei grín að barni eða hrópa að því ef það gerir mistök.
- ✓ Að börn læra mest af því að framkvæma. Lærðu að meta góða frammistöðu allra barna í hópnum.
- ✓ Að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu, því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.
- ✓ Að standa saman um fjáraflanir og félagsstarf í yngri flokkum.
- ✓ Að leggja ykkar af mörkum til að íþróttaiðkun barna ykkar verði raunverulega sú forvörn sem hún getur verið.
- ✓ Að sýna starfi félagsins virðingu.

SKRÁNING IÐKENDA

Skráningar fara fram í september, janúar og maí, áður en hver ný önn hefst. Upplýsingar um skráningu birtast á facebooksíðum allra hópa.
Athugið að skrá þarf iðkanda fyrir hverja önn, þó að hann hafi tekið þátt á önninni á undan.

Í framhaldi af skráningu er sett upp æfingatafla sem birtist á heimasíðu félagsins og í facebook síðum hópanna. Þar að auki eru allar æfingar skráðar inn í Sportabler og því nauðsynlegt að foreldrar sæki forritið. Athugið að æfingataflan getur breyst eða æfingar færst til með stuttum fyrirvara. Tilkynningar um slíkt koma inn á Sportabler.

Iðkendum er skipt niður eftir aldri:

Í knattspyrnu:

8. flokkur karla og kvenna: Elsti hópur í leikskóla
7. flokkur karla og kvenna: 1. - 2. bekkur
6. flokkur karla og kvenna: 3. - 4. bekkur
5. flokkur karla og kvenna: 5. - 6. bekkur
4. flokkur karla og kvenna: 7. - 8. bekkur
3. flokkur karla og kvenna: 9. - 10. bekkur

Í blaki:

Stúlkur:	Drengir:
U16	U18
U14	U15
U12	U12
U10	U10
U8	U8

Æfingagjöld

Æfingagjöld eru innheimt þrisvar á ári, fyrir hverja önn. Vopnafjarðarhreppur styrkir börn til frístunda um 20 þúsund á ári og eru foreldrar hvattir til að nýta sér þann styrk til niðurgreiðslu æfingagjalda.
Til þess þarf að hafa samband við Þórhildi á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps: torhildur@vfh.is

FÆRSLA IÐKENDA Á MILLI FLOKKA

Samkvæmt reglum KSÍ er leyfilegt að færa iðkendur upp um flokka en ekki niður. Mörg félög nýta sér þetta úrræði og algengast er að það sé gert vegna þess að iðkendur eru ekki nógu margir.
Stundum eru líka iðkendur sem eru mjög sterkir, færðir upp um flokk til að mæta betur þörfum þeirra og veita þeim áskorun í sterkari hóp, en þá æfa þeir líka með sínum hóp.

Nokkrir punktar til útskýringa:

- Þegar iðkendur eru færðir upp um hóp tekur þjálfari þá ákvörðun í samráði við stjórn félagsins og með samþykki foreldra viðkomandi iðkanda.
- Hafa ber í huga að þegar fært er á milli flokka, sem dæmi ef það vantar í lið fyrir mót, eru það allir leikmenn flokksins fyrir neðan sem koma til greina, hvort sem þeir eru á eldra eða yngra ári. Eldra árið gengur ekki fyrir heldur er það ákvörðun þjálfara hver er tekinn upp og hann leggur það svo fyrir stjórn.
- Sé flokkurinn fámennur sem taka á úr, er aldrei skilinn eftir einn iðkandi, þá fara allir með. Athugið að þá er átt við allan flokkinn, ekki fæðingarárið.

ÆFINGAR

Gott er að hafa í huga að iðkendur séu í þægilegum æfingafatnaði sem heftir ekki hreyfingar. Stuttbuxur og bolur er ákjósanlegur æfingafatnaður innanhúss en klæðnaður utandyra fer eftir veðri hverju sinni.

Iðkendur æfa í skóm strax frá upphafi og mælst er til að þau séu í skóm sem þau geta sjálf farið í. Hægt er að fá innanhússkó með frönskum rennilás sem hentar vel fyrir þau sem ekki geta reimað skóna sjálf.

Ráðlagt er að iðkendur geymi skartgripi, svo sem hálsfestar, lafandi eyrnalokka, úr og hringa á meðan á æfingu stendur og sérstaklega í leik, þar sem þessir hlutir geta flækst í fingrum, fötum eða hári og þá skemmst eða valdið meiðslum.

Útbúnaður iðkenda

Á veturna:



Innanhússkór
Æfingafatnaður
Keppnisbúningur
Hnéhlífar fyrir blak
Legghlífar fyrir knattspyrnu

Á sumrin:

Takkaskór
Legghlífar
Æfingafatnaður
Keppnisbúningur
Léttur jakki/vindjakki
Fingravettlingar
Ennisband/húfa

Mikilvægt er að mæta tímanlega á æfingar, tilbúinn í æfingafatnaði.
Ef iðkandi mætir ekki á æfingu þarf að tilkynna forföll á Sportabler.

KEPPNI

Hjá ungum börnum er þátttaka á æfingum mikilvægasti hluti þess að iðka íþróttir. Með aldrinum eykst áherslan á keppni í samhengi við andlegan og líkamlegan þroska.

Í knattspyrnu hafa allir flokkar möguleika á að sækja mót, bæði yfir veturinn og að sumri til. Erfiðara hefur verið að senda lið á blakmót, bæði vegna fjölda iðkenda og vegna þess að mun færri blakmót eru í boði fyrir krakka. Það er hlutverk tengiliða að fylgjast með dagsetningum og skráningarfresti móta og kanna áhuga hjá foreldrum flokksins.

Þau mót sem gjarnan er horft til fyrir Einherja eru:

Vetur:
Stefnumót KA á Akureyri
Goðamót Þórs á Akureyri
Fjarðarálsmót á Reyðarfirði

Sumar:
Þ.S. mót Hattar á Egilsstöðum
TM mót í Vestmannaeyjum
Smábæjarleikar á Blönduósi
Orkumótið í Vestmannaeyjum
N1 mót á Akureyri
Símamót í Kópavogi
Rey cup í Reykjavík
Strandamót á Árskógsströnd
Króksmót á Sauðárkróki
Curiomót Völsungs á Húsavík

Nánari upplýsingar um mótin má finna á ksi.is undir "Opin mót". Að auki eru flest félög með heimasíður eða facebook síður þar sem finna má upplýsingar.

MINNISLISTI FYRIR MÓT

Útbúnaður:

Takkaskór/innanhússkór
Legghlífar/hnéhlífar
Keppnisbúningur (treyja, stuttbuxur, sokkar)
Vatnsbrúsi
Peysa eða jakki til að fara í á milli leikja
Bakpoki fyrir nesti og annað smálegt

Fyrir ferðir þar sem gist er:



Dýna (Gott er að hafa teppi til að setja á gólfið undir dýnu)
Pumpu fyrir loftdýnu
Koddi, sæng eða svefnpoki, lak
Tannbursti og tannkrem
Sundföt og handklæði
Föt til skiptanna
Utanyfirfatnað í samræmi við veður

Ef að iðkandi á ekki ennþá keppnisbúning eða vantar hluta úr honum, hafið samband við tengiliði flokksins tímanlega fyrir mót, svo hægt sé að útvega honum til láns.
Munið að skila strax eftir mót!

Ráð til foreldra varðandi æfingar og keppni barna:

- Látið vita ef barnið mætir ekki á æfingu eða í keppni.
- Það virkar hvetjandi fyrir barnið að foreldrar komi á leiki og kíki á æfingar. Það á líka við um þegar barnið eldist.
- Berið virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans á meðan á leik stendur.
- Dómarinn á að gæta að öryggi barnanna, dæma leikinn sanngjarnt eftir bestu getu og stuðla að ánægjulegum leik fyrir börnin. Hann tekur ákvarðanir og það er ekki okkar að gagnrýna þær.
- Spyrjið hvort leikurinn eða æfingin hafi verið skemmtileg eða spennandi, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið.

FYRIRKOMULAG Á KEPPNISSTAÐ

Þjálfari eða tengiliðir setja inn upplýsingar á facebook síðu flokksins hvenær mæting er á völlinn. Yfirleitt er um að ræða 20-40 mínútum áður en keppni hefst og er þá ætlast til að iðkendur mæti stundvíslega og tilbúnir í keppnisbúning.

Misjafnt er hvort að klefar séu til afnota fyrir lið á keppnisstað. Fyrir elstu flokka eru í flestum tilfellum klefar til afnota og geta þeir þá klætt sig í keppnisbúning á staðnum og notað sturtur eftir mót.
Yngstu flokkar félagsins sækja mest dagsmót. Gert er ráð fyrir á slíkum mótum að iðkendur mæti á staðinn tilbúnir í keppnisbúning.

Í flestum tilfellum taka sjálfboðaliðar úr hópi foreldra að sér liðsstjórn á mótum.
Hlutverk liðsstjóra eru meðal annars:

- Að halda utan um hópinn á mótsstað.
- Að fylgjast með skipulagi leikja og vallarstaðsetningu.
- Að fylgja hópnum í matartíma og annað eftir skipulagi.
- Að gista með hópnum á lengri mótum.
- Að sjá um samskipti við foreldra á meðan á móti stendur.

Fyrirkomulag í keppnisferðum

Þegar lið hefur verið skráð á mót, er það hlutverk tengiliða að ganga úr skugga um að allir keppendur hafi far á mótið, hvort sem foreldrar hyggjast keyra sjálfir með sín börn eða að sameinað sé í bíla.

Einherji er með fasta gjaldskrá yfir bensíngjald til þeirra sem keyra á mót. Tengiliðir sjá um að innheimta þann pening hjá foreldrum og skila til félagsins, sem svo greiðir bílstjórum.

Athugið að ekki gilda sömu reglur fyrir íslandsmót og önnur mót.

KOSTNAÐUR IÐKENDA Í KEPPNISFERÐALÖGUM

Ef lið eru að keppa á Íslandsmóti þá tekur félagið þátt í kostnaði í þeim ferðum og er fyrirkomulagið eftirfarandi:

1. Reynt er eftir fremsta megni að fara á bílaleigubílum sem félagið hefur í langtímaleigu yfir sumarið.
2. Hver keppandi greiðir 3000 krónur í ferðina
3. Tengiliðir sjá um að rukka þetta gjald og leggja inn á félagið
4. Ef foreldrar fara á sínum bílum í ferðina og taka aðra fjölskyldumeðlimi með þá er ferðin á þeirra vegum og þeir geta ekki sótt ferðakostnað til félagsins
5. Ef foreldrar fara á einkabílum á Íslandsmót og taka fullan bíl af keppendum með gildir sama regla, farþegar greiða 3000 krónur til tengiliða sem fara til félagsins og viðkomandi bílstjóri sækir um greiðslu fyrir eldsneytiskostnaði á þar til gerðu eyðublaði. Félagið greiðir 30 krónur per/km.

FERÐIR Á OPIN MÓT

(t.d. Stefnumót, Orkumót eða eitthvað álíka)

1. Ferðin er á vegum foreldra og ef keppandi fær far með öðrum greiðir hann tengilið út frá eftirfarandi gjaldskrá:

Ferð	**Verð á keppanda**
Vopnafjörður-Egilsstaðir	2000 kr
Vopnafjörður- Reyðarfjörður	2400 kr
Vopnafjörður- Neskaupsstaður	2800 kr
Vopnafjörður-Höfn (um Öxi)	4000 kr
Vopnafjörður- Húsavík	2700 kr
Vopnafjörður-Akureyri	3500 kr
Vopnafjörður- Sauðárkrókur	5000 kr
Vopnafjörður- Reykjavík	9000 kr
Vopnafjörður-Landeyjarhöfn (um Öxi)	9000 kr

2. Tengiliður sér svo um að greiða bílstjórum fyrir þá farþega sem þeir taka.

Athugið að gjaldskrá er sett upp með fyrirvara um breytingar.

UNGMENNAFÉLAGIÐ EINHERJI

Félagslegt starf

Þó að stærsti hluti íþróttaiðkunar séu æfingar og keppni, er félagslega hlið íþróttastarfs mikilvæg fyrir iðkendur. Það styrkir tengsl innan hópsins, eflir félagsþroska og eykur líkur á að börn haldi áfram í íþróttum.

Það er í höndum yngriflokkaráðs og tengiliða að skipuleggja félagslegar uppákomur reglulega yfir árið og er það gert í samstarfi við foreldra.

Ef þú ert með hugmynd að einhverju sem hægt er að gera með flokkunum og/eða vilt taka þátt í að skipuleggja skemmtilegan viðburð, hafðu þá endilega samband við tengiliði flokksins eða yngriflokkaráð.

Viðbragðsáætlun

Það eru ýmis atvik sem geta komið upp í íþróttastarfi sem þarf að bregðast við. Á heimasíðu félagsins eru nokkrar grunnreglur og verkferlar sem Ungmennafélagið Einherji hefur til að tryggja rétt viðbrögð. Verkferlarnir eru einfaldir og eiga við í öllum tilfellum. Viðbragðsáætlunin nær til agabrota, ávana og vímuefnanotkunar, eineltis og kynferðisbrota.

Ef atburður er alvarlegur skal starfsmaður/þjálfari ávallt vísa málinu til aðalstjórnar sem metur hvort það sé hægt að leysa það innan félags eða hvort þurfi að vísa því áfram til frekari úrvinnslu.

Sé um viðbrögð við brotum starfsmanns/þjálfara að ræða fylgja þau sama ferli eftir að aðalstjórn fær upplýsingar um brotið, hvort sem það er frá iðkendum, foreldrum eða öðrum starfsmönnum/þjálfurum.

FORELDRAHANDBÓK

WWW.EINHERJI.NET